

Árið 2013

252. fundur

Miðvikudaginn 30. janúar 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal BSRB að Grettisgötu 89 Reykjavík.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 251. fundar og dagskrá.

Fundargerð 251. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

2. Sölutölur mjólkurvara ársins 2012.

Kynnt var yfirlit yfir sölu mjólkurvara frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði fyrir árið 2012. Sölutölur eru í lítrum og kílóum fyrir umrædd tímabil. Sala mjólkur yfir árið hefur dregist saman um 2,38%, en hins vegar hefur sala á rjóma aukist um 2,54%, viðbiti 3,83%, skyri 4,44%, ostum 2,58%, undanrennufti um 10,12% og kálfafóðri um 96,38%. Þá varð samdráttur á sölu á mjólkurdufti um 8,41% á árinu. Alls er samdráttur á mjólkurvörum í heildina um 1,07% á árinu 2012 sem felst aðallega í minnkun á sölu neyslumjólkur. Mismunur á próteini og fitu nemur líðlega 1.6 milljónir ltr. sem verða að smjörbirgðum sem eru fluttar úr landi. Sala hefur aukist um 1,55% á vörum sem innihalda mikið prótein s.s. skyri og próteindrykkjum og vörur sem eru aðallega unnar úr fitu um 2,38%. Um 13 millj. ltr. fara í útflutning, þar er mestur hluti umframframleiðsla utan mjólkurkvóta.

3. Beingreiðslur til mjólkurframleiðenda.

Formaður lagði fram útreikninga á mjólkursamningi fyrir árið 2012. Heildargreiðslumark er 114,500.000 ltr. Þar kom fram að umreiknaðar beingreiðslur eru kr. 45,07 pr/ltr, en þá er ekki tekið tillit til annara greiðslna. Ákveðið var að skoða heildargreiðslur til mjólkurframleiðenda betur fyrir næsta fund.

4. Kynning á verkefnum Mjólkursamsölnnar – Einar Sigurðsson forstjóri.

Formaður bauð velkominn til fundarins, Einar Sigurðsson forstjóri MS. Hann fór yfir stöðu mjólkuriðnaðarins á landsvísu og kynnti fyrir fundarmönnum þær róttæku breytingar sem hafa átt sér stað hjá MS í formi hagræðingar í rekstri og skipulagi fyrirtækisins. Hann fór yfir breytingar sem hafa átt sér stað í fyrirtækinu og flutning verkefna og vinnslulína á milli staða og hefur mjólkurstöðvum verið fækkað og framleiðslunni hagrætt þannig að sérhæfð framleiðsla verði sem mest á hverju stað. Benti hann á mikla hagræðingu sem felst í því að ekki þurfi að halda úti t.d. mjólkurpökkun á mörgum stöðum.

Sem dæmi verður öll ostaframleiðsla á brauðostum á tveimur stöðvum, Akureyri og KS á Sauðárkróki, Búðardalur mun sjá um alla mylguostaframleiðslu en á Selfossi verður pökkun á neyslumjólk og annari dagvöru þar sem sett verður upp ný vinnslulína fyrir tappafernur. Í húsnæði MS í Reykjavík verður aftur á móti birgðarstöð og dreifing til neytenda um allt land. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 starfsmenn í 4 vinnslustöðvum.

5. Önnur mál.

Formaður greindi frá samningi sem Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefði gert við Hagstofu Íslands um að annast gerð búreikninga bænda, annast skýrslugerð og hagtölusöfnun vegna OECD og WTO sem Ísland þyrfti að standa skil á.

Liðum 5 og 6 frestað til næsta fundar.

Næsti fundur ákveðinn 14. febrúar 2013 í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

253. fundur

Fimmtudaginn 14. febrúar 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Peir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson.

Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 252. fundar og dagskrá.

Fundargerð 252. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

3. Datamarket – verðlagsgrundvöllur kúabús í miðlunarhæft form.

Formaður bauð velkomin þau Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökunum og Agnar Ágústsson sérfræðing hjá Datamarket. Agnar kynnti fyrir nefndarmönnum uppsetningu Datamarket á heimasíðu Bændasamtakanna þar sem þróun verðlagsgrundvöllur kúabús, frá árinu 2002, er sýnd eftir tímabilum. Upplýsingar þessar eru ætlaðar almenningi, bændum og öðrum hagsmunaaðilum en þær eru settar fram á auðlæsan og myndrænan hátt. Datamarket er fyrirtæki sem heldur utan um upplýsingar og miðlar þeim á myndbirtingarformi án túlkunar. Var rætt um hve mikilvægt það er fyrir almenning að hafa opinber gögn aðgengileg og er þetta gott skref hjá Bændasamtökum Íslands. Tekjuliður grundvallarins hefur ekki verið uppfærður undanfarin ár og þarf að taka ákvörðun um hann.

6. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur – verðlagsárið 2013.

Lagt var fyrir erindi SAM, dags. 28. janúar sl., um efnainnihald viðmiðunarmjólkur fyrir árið 2013. Samkvæmt útreikningnum er fituinnihaldi 4,11% og próteini 3,32% og var það staðfest.

7. Breyting á vörugjöldum – ný skattheimta.

Formaður kynnti fyrir fundarmönnum að 1. mars nk. taka gildi ný lög nr. 156/2012 um breytingu á lögum um vörugjald, nr. 97/2087 og tollalögum, nr. 88/2005 með síðari breytingum, um sérstakan skatt á vörur sem innihalda sykur og sætuefni. Í A- og B liðum viðauka I í lögum eru 15 kr./kg lagðar á mjólkurvörur, s.s. undanrennuduft og kálfafóður. Hins vegar er heimild skv. 1. gr. laganna að greina á tollskýrslu þyngd viðbættis sykurs eða sætuefnis samkvæmt innihaldslýsingu vörunnar og greiða vörugjald í samræmi við það.

8. Verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld.

Formaður lagði fyrir fundinn breytingartillögu frumvarp sem Alþingi hefur til meðferðar og síðar varð að lögum nr. 160/2012 um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum, um afnám verðmiðlunar og verðtilfærslugjalds mjólkurvara.

9. Önnur mál.

Formaður lagði fram útreikninga á mjólkursamningi fyrir 2005 - 2014. Heildargreiðslumark er 116.000.000 ltr. Þar kom fram að umreiknaðar beingreiðslur eru kr. 45,75 pr./ltr, en þá er ekki tekið tillit til annara greiðslna. Á næsta fundi verður farið betur yfir sundurliðun á Óframleiðslutengdum stuðningi, lið 04-801.1.07 í fjárlögum yfirstandandiárs 183 m.kr., en samkvæmt greiðslumarksreglugerð fara 92,9 m.kr. í jarðræktarverkefni. Haraldur Benediktsson tók að sér að fá Bændasamtökin til að reyna að sundurgreina þessa upphæð niður á búgreinar eftir því sem hægt er.

Næsti fundur ákveðinn 4. apríl 2013 kl. 10.00 í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

254. fundur

Miðvikudaginn 3. apríl 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Guðný Helga Björnsdóttir. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar bauð formaður Guðnýju Helgu Björnsdóttur velkomna á fundinn en hún hefur verið varamaður Haraldar Benediktssonar sem hefur óskað eftir leyfi frá störfum. Haraldur voru þökkuð farsæl störf á undangengnum árum.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 253. fundar og dagskrá.

Fundargerð 253. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

4. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – mars 2013.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. mars sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að sá liður lækkaði frá því í desember sl. um kr. 86.250.- og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.300.801.- Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 2,4% frá 1. júní 2012 og er heildarkostnaður alls kr. 34.624.671.- Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

Í framhaldi af umræðum um verðlagsgrundvöllinn og samanburð hans við rauntölur í búrekstri var ákveðið að boða fulltrúa Hagstofu Íslands til næsta fundar, m.a. til að fá upplýsingar um hvað liði upplýsingasöfnun á afkomu bóa og hagtölusöfnun í landbúnaði.

10. Ársreikningar Mjólkursamsölnunnar og Auðhumlu 2012.

Pálmi Vilhjálmsson lagði fyrir fundinn ársreikninga Mjólkursamsölnunnar ehf og Auðhumlu svf. fyrir árið 2012. Hagnaður MS er tæpar 290 m.kr. eftir skatta, en heildarvelta var 20,6 ma. króna. Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. sýndi hagnað um tæpar 441,8 m.kr. á árinu. Ákveðið var að biðja um afkomutölur Mjólkursamlags KS fyrir sl. ár.

11. Önnur mál.

Ákveðið var að fresta 4. og 5. lið boðaðri dagskrá til næsta fundar 7. maí 2013 kl. 10.00 í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir

255. fundur

Föstudaginn 17. maí 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Guðný Helga Björnsdóttir. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar bauð formaður Rósmundur Guðnason og Víkingur Guðmundsson frá Hagstofu Íslands velkomna á fundinn en þeir hafa séð um landbúnaðartölfræði og uppgjör búreikninga í landbúnaði samkvæmt samningi ráðuneytisins við Hagstofu Íslands frá því í desember á sl. ári.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 254. fundar og dagskrá.

Fundargerð 254. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda. Varðandi dagskrá upplýstu fulltrúar mjólkuriðnaðarins að þeir myndu leggja fram reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögum frá júní 2012 – mars 2013, undir önnur mál, ef tími væri til.

5. Fulltrúar Hagstofu Íslands. – tölfræði og gagnasöfnun.

Gestir fundarins Rósmundur Guðnason og Víkingur Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, kynntu fyrir fundarmönnum verðvísitölur, framleiðsluútreikninga og sögðu frá fyrirkomulagi varðandi búreikninga bænda.

Notast er við aðferðafræði FADN sem fyllir kröfur EES samningsins. Unnið hefur verið úr innsendum upplýsingum frá bændum vegna ársins 2012 sem var viðamikil könnun og verða niðurstöður hennar birt í haust á vef Hagstofunnar. Tölfræðiupplýsingar munu birtast mánaðarlega um innveigna mjólk, prótein- og fituinnihald, en árlega verða birtar skýrslur um framleiðslu landbúnaðarafurða, hráefnanotkun, heimavinnslu, sölu o.fl.

Verðvísitölur munu miðast við afurðaverð til bænda sem Hagstofan safnar saman.

12. Ársreikningar Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu 2012.

Formaður lagði fram og kynnti rekstrarreikning og uppsettan efnahagsreikning Mjólkursamlags Kaupfélags Skagfirðinga. Fram kom að forsendur við uppsetningu efnahagsreikningsins væru að mjólkursamlagið væri sér fyrirtæki sem tekið væri út úr rekstrikaupfélagsins og sá rekstur bæri allan þann kostnað sem af þeim efnahagsreikningi hlýst.

13. Staða verðtilfærslu.

Pálmi Vilhjálmsson lagði fram ársreikning fyrir árið 2012 fyrir lögbundinn verðtilfærslusjóð. Í reikningnum kemur fram að 57,1 m.kr. hagnaður var á rekstri sjóðsins og er eigin fé neikvætt um tæpar 162 m.kr. en það var neikvætt árið áður um 219,1 m.kr. Þá lagði Pálmi fram sundurliðun á stöðu verðtilfærslu niður á einingu á þeim vörum sem undir verðtilfærslu falla.

14. Sundurgreining jarðræktarverkefna.

Formaður lagði fram minnisblað, dags 8. apríl sl. frá Borgari Páli Bragasyni frá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins, en í því blaði er leitast við að meta til hvaða búgreina framlög til jarðræktar fóru hjá styrkþegum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

256. fundur

Mánudaginn 24. júní 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Guðný Helga Björnsdóttir. María Hauksdóttir ritaði fundargerð í fjærveru Kristínar Sigfúsdóttur.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 255. fundar og dagskrá.

Fundargerð 255. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

6. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – júní 2013.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. júní sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að sá liður lækkaði frá því í mars sl. um kr. 84.747 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.216.054. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 2,76% frá 1. júní 2012 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.728.823 en var kr. 33.797.373 í júní í fyrra. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

15. Undirbúningur að frumvarpi um afnám verðtilfærslu – staða verðtilfærslu.

Formaður sagði frá áformum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að flytja frumvarp á haustþingi um afnám verðmiðlunar- og verðtilfærslu, en það verður gert með breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Rætt var um á hvern hátt verðlagsnefnd gæti undirbúið væntanlegar breytingar og var Pálma falið að taka saman yfirlit um áætlaða stöðu sjóðsins um næstkomandi áramót og leggja fram á næsta fundi nefndarinnar.

16. Verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins.

Pálmi lagði fram verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins sem sýnir reiknaða hækkun frá júní 2012 til júní 2013, en reiknuð hækkunarþörf til iðnaðarins samkvæmt módelinu er 4,64%. Í framhaldi af þessu spunnust umræður um verðlagningu. Ákveðið var að bíða með slíkt þar til í september n.k., en síðasta verðbreyting var gerð 1. júlí 2012.

Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 3. september kl. 10:00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

María Hauksdóttir

257. fundur

Þriðjudaginn 3. september 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður stjórnaði fundinum og bauð velkominn nýjan nefndarmann til starfa Sigurgeir Sindra Sigurgeirsson formann Bændasamtaka Íslands, en varamaður hans er Guðný Helga Björnsdóttir. Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 256. fundar og dagskrá.

Fundargerð 256. fundar og dagskrá lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

7. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – september 2013.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. september sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í júní sl. um kr. 27.235 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.243.290. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 3,10% frá 1. júní 2012 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.846.052 en var kr. 33.797.373 í júní 2012. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

17. Lögð fram drög að frumvarpi um afnám verðmiðlunar- og verðtilfærslugjalda – staða verðtilfærslu.

Formaður lagði fram drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem fyrirhugað er að lagt verði fram á haustþingi um afnám verðmiðlunar- og verðtilfærslugjalda. Pálma falið að láta gera milliuppgjör á verðtilfærslusjóði ásamt áætlun um hvenær staða hans verður komin í jafnvægi til að hægt sé að taka tillit til lokunar sjóðsins við gerð frumvarpsins. Að teknu tilliti til þessa er nefndin sátt við frumvarpið.

18. Verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins – verðlagning.

Pálmi lagði fram verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins sem sýnir reiknaða hækkun frá júní 2012 til ágúst 2013, en hækkunarþörf til iðnaðarins samkvæmt módelinu er 4,79%. Í framhaldi af þessu spunnust umræður um verðlagningu og gagnaöflun. Ákveðið var að taka verðlagningu til umfjöllunar á næsta fundi.

19. Önnur mál.

Sigurður Loftsson lagði fram yfirlit yfir þróun tekna og kostnaðar byggt á verðlagsgrundvelli kúabús frá 2002.

Formaður kynnti yfirlit sölu mjólkurvara frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði fyrir júlímánuð. Þar kemur fram að sala samtals á mjólkurafurðum hafa aukist um 6,28% en mest hefur aukningin verði í feitum afurðum um 11,42% og 7,22% aukning á próteinríkum afurðum í júlí.

Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 11. september kl. 10:00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

258. fundur

Þriðjudaginn 11. september 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 257. fundar og dagskrá.

Fundargerð 257. fundar og dagskrá lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

8. Verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins – verðlagning.

Að vanda voru forsendur verðlagningar settar inn í módel er nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 3,10% hækkun frá 1. júní 2012, en vinnslu- og dreifingarkostnaður hafði hækkað um 4,79%.

Samhljóða ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. október n.k. um 3,10%. Frá sama tíma hækkar afurðastöðvaverð til bænda um 2,49 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 80,43 kr. í 82,92 kr., eða um 3,10%. Þá hækkaði vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur einnig um 2,85 kr.ltr. eða 3,10%. Samanlögð hækkun heildsöluverðs er því 5,34 kr. á hvern lítra mjólkur.

20. Önnur mál.

Lögð var fram yfirlýsing endurskoðanda Deloitte ehf um rekstur lögbundins Verðtilfærslusjóðs. Þar kemur fram að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum um rekstur sjóðsins, þ.á.m. árhlutareiknings per. 31.07.2013, áætlunum um rekstur næstu mánaða og að óbreyttri gjaldskrá sjóðsins sé gert ráð fyrir því að sjóðurinn verði búinn að vinna upp tap fyrri ára í lok apríl 2014 og eigið fé sjóðsins verði orðið jákvætt í lok þess mánaðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir